

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn þriðjudaginn 16. janúar 2001, kl. 12:15.
Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Rætt stuttlega um Skálholtsfund sem haldinn var 24. – 25. nóvember s.l. um greiningu erfðagalla á fósturstigi en fundarmenn voru sammála því að hann hefði tekist vel. Vilhjálmur sagði mikilvægt að fylgja þessum fundi eftir með opnu málþingi um efnið. Þá sagði hann mikilvægt að halda þessari fundarröð áfram og voru nokkur fundarefni rædd. Starfsmanni falið að bóka Skálholt í síðari hluta mars-mánaðar.
Vilhjálmur greindi frá því að annar fundur um greiningu erfðagalla á fósturstigi yrði haldinn miðvikudaginn 17. janúar af Félagi íslenskra heimilislækna og fleiri í samvinnu við Siðfræðistofnun. Dagskrá hennar kynnt. Vilhjálmur greindi einnig frá samnorrænum fundi sem til stæði að halda í maí með yfirskriftinni „mannlega reisn í læknisfræði“.
3. Námslýsing fyrir 30 eininga viðbótarnám í Starfstengdri siðfræði lögð fram. Námslýsingin hefur verið kynnt í heimspekiskor og heimspekideild og fengið jákvæðar undirtektir. Tvö ný námskeið á vormisseri 2001 hafa verið sett í kennsluskrá næsta árs.
4. Reglugerð, húsnæðismál og fjárveitingar. Salvör skýrði frá því að reglugerð um Siðfræðistofnun hefði verið skilað til rektors og væri hún í yfirlestri innan Háskólans. Stefnt er að því að reglugerðir um stofnanir Háskólans verði lagðar fyrir Háskólaráð í febrúar. Salvör skýrði einnig frá því að hún og Garðar Á. Árnason myndu flytja starfsaðstöðu sína í Hugvísindastofnun á næstu dögum. Ekki er ljóst hvar framtíðarhúsnæði stofnunarinnar verður en rektor hefur lýst yfir áhuga sínum að fá stofnunina aftur í Aðalbyggingu.
Lagt fram bréf frá rektor, dagsett 8. desember s.l. um 2 milljóna fjárframlag til stofnunarinnar.
5. Starfsmannamál. Vilhjálmur greindi frá því að samningnum við Garðar Á. Árnason hefði verið framlengdur og hann ráðinn í 50% starf til loka mars. Þá hefði samningi Salvarar einnig verið framlengdur um tvo mánuði, eða til loka febrúar, en þá er ár frá því hún kom til starfa við stofnunina og ekki heimilt að framlengja lengur óauglýstri stöðu. Fundarmenn ræddu um mikilvægi þess að ráðið yrði í fulla stöðu sem fyrst.

6. Vilhjálmur greindi frá ferð sinni til Svíþjóðar á ráðstefnu um þróunarsiðfræði 30. nóvember til 1. desember.
7. Kirkjudagar á Jónsmessu. Irma greindi frá fyrirhuguðum Kirkjudögum sem haldnir verða á Jónsmessu. Óskað hefur verið eftir að Siðfræðistofnun standi að einni málstofu á Kirkjudögum. Salvöru falið að gera tillögu að málstofu fyrir þetta tækifæri.
8. Vilhjálmur greindi frá hugmyndum um að stofna landsiðaráð uppúr siðaráði landlæknis, sem hefur verið lagt niður, og tengja Siðfræðistofnun.
9. Salvör skýrði frá umsókn sem nú er í undirbúningi í fimmtu rammaáætlun Evrópusambandsins. Garðar hefur unnið að rannsókninni sem er um gagnagrunna á heilbrigðissviði og samstarfsaðilar eru frá Englandi, Eistlandi og Svíþjóð.
10. Lagt fram bréf frá Umhverfisráðuneytinu um boð á Umhverfisþing ráðuneytisins. Samþykkt að tilnefna Þorvarð Árnason fulltrúa Siðfræðistofnunar.
11. Björn Björnsson óskaði eftir því að hlutdeild Siðfræðistofnunar í kostnaði vegna þýðingar og útgáfu siðfræðiritisins *Guðfræðileg siðfræði* væri gerður upp fljótlega, en stefnt er að því að bókin komi út í vor. Var samþykkt að Stofnunin greiddi hlutdeild sína kr. 350.000. Salvör falið að hafa samband við Skálholtsútgáfuna vegna þessa.
12. Námskeið sem Siðfræðistofnun býður nú uppá í samvinnu við Endurmenntunarstofnun H.Í. kynnt.

Fundi slitið 13.50

S.N.